1. Jóhann bjó til snjókarl á laugardaginn.

   a. Hvað heitir strákurinn í sögunni?
      Svar:______________________________
   b. Hvað bjó Jóhann til?
      Svar:______________________________
   c. Hvaða dag bjó Jóhann til snjókarlinn?
      Svar:______________________________
   d. Hvort heldurðu að það hafi verið vetur eða sumar?
      Svar:______________________________
   e. Af hverju heldurðu að það hafi verið vetur?
      Svar:______________________________

2. Mamma bakaði súkkulaðibitakökur á mánudag. Á þriðjudag vorum við búin að borða þær allar.

   a. Hvað bakaði mamma?
      Svar:______________________________
   b. Hvaða dag bakaði hún kökurnar?
      Svar:______________________________
   c. Hvaða dag voru allar kökurnar búnar?
      Svar:______________________________
   d. Af hverju heldurðu að þær hafi verið búnar svona fljótt?
      Svar:______________________________

3. Jakob fór í skautahöllina með Kristjáni. Jakob missteig sig og datt á svellinu og fótbrotnaði.

   a. Hvað heita strákarnir í sögunni?
      Svar:______________________________
   b. Hvor þeirra missteig sig?
      Svar:______________________________
   c. Hvað kom fyrir fótinn á Jakobi?
      Svar:______________________________
   d. Hvernig gat Kristján hjálpað Jakobi?
      Svar:______________________________

4. Nína fór í Húsdýragarðinn. Hún sá hesta og geitur og þrjá seli.

   a. Hvert fór Nína?
      Svar:______________________________
   b. Hvað sá hún marga seli?
      Svar:______________________________
   c. Hvaða önnur dýr sá hún líka?
      Svar:______________________________
   d. Af hverju heldur þú að það séu ekki gíraffar í Húsdýragarðinum?
   ________________________________________
      Svar: ______________________________

5. Daníel á 10 ára afmæli á morgun. Hann ætlar að bjóða Ragnari og Árna í afmælið sitt.

a. Hver á afmæli?
   Svar:______________________________
b. Hvað verður Daníel gamall?
   Svar:______________________________
c. Hverjum ætlar hann að bjóða í afmælið sitt?
   Svar:______________________________
d. Hvað heldurðu að þeir komi með?
   Svar:______________________________

6. Börnin í 1. GS fóru í heimsókn á bæjarbókasafnið. Á leiðinni þangað þurftu þau að ganga fram hjá slökkvistöðinni, pósthúsinu og Hagkaupum.

a. Hvert fóru börnin?
   Svar:___________________________
b. Hvernig komust þau þangað?
   Svar:___________________________
c. Hvaða byggingum fóru þau fram hjá á leiðinni?
   Svar:___________________________
d. Til hvers voru þau að fara á bókasafnið?
   Svar:___________________________

7. Kata og kalli gróðursettu tvö tré á fimmtudaginn. Annað var greni og hitt var birki.

a. Hver voru að gróðursetja?
   Svar:______________________________
b. Hvaða dag settu þau niður trén?
   Svar:______________________________
c. Hvað voru trén mörg?
   Svar:______________________________
d. Hvaða trjátegundir voru þetta?
   Svar:______________________________

8. Jóna og Fríða fóru í útilegu á föstudaginn. Þær tóku með sér tjald, tvo svefnpoka og vasaljós.

a. Hvað heita stelpurnar í sögunni?
   Svar:______________________________
b. Hvert fóru þær?
   Svar:______________________________
c. Hvernig ætluðu þær að gista?
   Svar:______________________________
d. Af hverju tóku þær með sér vasaljós?
   Svar:______________________________
e. Geturðu nefnt eitthvað mikilvægt sem þær gleymdu að taka með
   Svar:______________________________

9. Pabbi hennar Andreu gaf henni kettling í afmælisgjöf þegar hún varð 6 ára. Andrea kallaði kettlinginn Mjallhvíti.

a. Hvað heitir stelpan í sögunni?
   Svar:______________________________
b. Hvað gaf pabbi hennar henni í afmælisgjöf?
   Svar:______________________________
c. Hvað varð Andrea þá gömul?
   Svar:______________________________
d. Hvað kallaði hún kettlinginn?
   Svar:______________________________
e. Af hverju heldurðu að hún hafi valið þetta nafn?
   Svar:______________________________

10. Hundur og köttur lágu og kúrðu fyrir framan arininn. Allt í einu stökk kötturinn upp og fór að hlaupa um herbergið. Mús hafði komist inn og köttinn langaði að éta hana. Músin var fljótari að hlaupa en kötturinn og komst út um gat á veggnum.

1. Hvaða dýr lágu og kúrðu fyrir framan arininn?
   Svar:______________________________
2. Hvers vegna hrökk kötturinn upp?
   ______________________________
   Svar:
   ______________________________
3. Hvernig komst músin inn í herbergið?
   Svar:______________________________
4. Hvað vildi kötturinn gera við músina?
   Svar:______________________________
5. Af hverju slapp músin?
   Svar:______________________________

11. Jónas er í 1. bekk. Í síðustu viku fékk hann þrjár stjörnur fyrir heimalesturinn hjá Margréti kennara.

a. Hvað heitir strákurinn í sögunni?
Svar:______________________________

b. Hvað heitir kennarinn hans?
Svar:______________________________

c. Hvað fékk Jónas hjá Margréti kennara?
Svar:______________________________

d. Fyrir hvað fékk Jónas þrjár stjörnur?
Svar:______________________________

e. Hvernig heldur þú að Jónasi hafi liðið?
Svar:______________________________

12. Ég fékk tvenn pör af vettlingum í jólagjöf. Annað parið var rautt en hitt var grænt og hvítt. Ég er búin að týna öðrum rauða vettlingnum mínum.

a. Hvaða hátíð er talað um í sögunni?
   Svar:________________________________
b. Hvað fékk ég í jólagjöf?
   Svar:________________________________
c. Hvernig voru vettlingarnir á litinn?
   Svar:________________________________
d. Ég ætlaði að lána Jónu vinkonu minni annað parið og nota sjálf hitt en ég gat það ekki. Af hverju ekki?
   Svar:________________________________
e. Hvernig voru vettlingarnir á litinn sem ég týndi ekki?
   Svar:________________________________

13. Davíð var að fara til ömmu sinnar. Á leiðinni fann hann tvær glerkúlur og tíukrónu pening. Hann setti þetta í vasann svo að hann týndi því ekki.

a. Hvað heitir strákurinn í sögunni?
   Svar:______________________________
b. Hvert var Davíð að fara?
   Svar:______________________________
c. Hvað fann hann?
   Svar:______________________________
d. Hvar geymdi hann það sem hann fann?
   Svar:______________________________
e. Af hverju stakk Davíð þessu í vasann?
   Svar:______________________________

14. Benni er sex ára og á að byrja í grunnskólanum á mánudaginn. Mamma hans keypti handa honum litapakka, lím og skæri því að hann þarf að nota þetta í skólanum.

a. Hver er að fara að byrja í grunnskóla?
   Svar:______________________________
b. Hvað er Benni gamall?
   Svar:______________________________
c. Hvaða dag byrjar skólinn?
   Svar:______________________________
d. Hvað þarf Benni að nota í skólanum
   Svar:______________________________

15. Átta ára börnin í Flataskóla í Garðabæ fóru í Árbæjarsafnið. Þau sáu m.a. rokk, ullarkamba og tvær konur á íslenskum búningi.

a. Hvað heitir skólinn sem krakkarnir eru í?
   Svar:______________________________
b. Í hvaða bæ er sá skóli?
   Svar:______________________________
c. Hvert fóru krakkarnir?
   Svar:______________________________
d. Hvað sáu þeir margar konur á íslenskum búningi?
   Svar:______________________________
e. Hvernig kamba sáu þeir?
   Svar:______________________________

16. Stór ánamaðkur og svört fiskifluga lágu í sólbaði á árbakka. Allt í einu stökk silungur hátt upp úr vatninu. Þá varð ánamaðkurinn hræddur og lét sig hverfa ofan í jörðina en flugan lá kyrr og lét sem ekkert væri.

a. Hvaða dýr lágu í sólbaði?
Svar:______________________________

b. Hvernig var fiskiflugan á litinn?
Svar:______________________________

c. Hvar voru þessi dýr í sólbaði?
Svar:______________________________

d. Hvort þeirra varð hrætt við fiskinn?
Svar:______________________________

e. Hvað gerði ánamaðkurinn þegar hann varð hræddur?
Svar:______________________________

f. Af hverju helduðu að ánamaðkurinn hafi orðið hræddur þegar hann sá silunginn?
Svar:______________________________

17. Mamma keypti tvo nýja hjólbarða undir jeppann okkar á föstudaginn. Hvor hjólbarði kostaði 5000 krónur.

a. Hvað keypti mamma?
   Svar:________________________________
b. Hvað keypti hún marga hjólbarða?
   Svar:________________________________
c. Hvaða dag keypti mamma hjólbarðana?
   Svar:________________________________
d. Hvernig bíl eigum við?
   Svar:________________________________
e. Hvað kostaði hvor hjólbarði?
   Svar:________________________________
f. Hvers vegna heldur þú að mamma hafi keypt hjólbarðana?
   Svar:________________________________

18. Bragi og Björn eru tvíburar. Uppáhaldslitur Braga er rauður en uppáhaldslitur Björns er blár. Bræðurnir nota sömu stærð af peysum en Bragi þarf stærri buxur en Björn.

a. Hvað heita bræðurnir?
   Svar:________________________________

b. Hver er uppáhaldslitur Braga?
   Svar:________________________________

c. Hver er uppáhaldslitur Björns?
   Svar:________________________________

d. Hvor er hærri Björn eða Bragi?
   Svar:________________________________

e. Af hverju heldur þú það (að Bragi sé hærri)?
   Svar:________________________________

19. Svala og Jói tóku sér sjö daga frí á þriðjudaginn. Þau flugu frá Reykjavík til Vestmannaeyja og þar heimsóttu þau Fríðu frænku.

a. Hvað heita þau sem fóru í frí?
   Svar:______________________________
b. Hvaða dag fóru þau í fríið?
   Svar:______________________________
c. Hvert fóru þau í frí?
   Svar:______________________________
d. Hvernig komust þau þangað?
   Svar:______________________________
e. Hvern fóru þau að heimsækja?
   Svar:______________________________
f. Hvað voru þau lengi í fríinu?
   Svar:______________________________

20. Anna og Karen fóru í útilegu með pabba sínum. Fyrsta morguninn var refur að þefa af tjaldinu þeirra og næsta morgun vöknuðu þær við kýrnar á næsta bæ. Síðustu nóttina vöknuðu þær við lóusöng en þær sáu ekki lóuna.

a. Hvað heita stelpurnar í sögunni?
   Svar:______________________________

b. Í hvernig ferðalag fóru þær?
   Svar:______________________________

c. Hvaða dýr vakti þær fyrsta morguninn?
   Svar:______________________________

d. Hvað var refurinn að gera?
   Svar:______________________________

e. Hvaða dýr komu í heimsókn morguninn eftir?
   Svar:______________________________

f. Í hverju heyrðu þau eina nóttina en sáu ekki?
   Svar:______________________________

g. Heldur þú að Anna og Karen hafi verið skyldar?
   Svar:______________________________

h. Af hverju eru þær systur?
   Svar:______________________________

21. Karl og Katrín heimsóttu Stefán frænda sinn sem býr uppí sveit. Þau hjálpuðu honum við að gefa kindunum hey og sækja kýrnar. Karli og Katrínu þóttu samt hestarnir langskemmtilegastir.

a. Hvað heitir stelpan í sögunni?
   Svar:______________________________
b. Hvað heitir strákurinn?
   Svar:______________________________
c. Hvern heimsóttu þau í sveitina?
   Svar:______________________________
d. Hvað gáfu Karl og Katrín kindunum?
   Svar:______________________________
e. Af hverju þurftu þau að sækja kýrnar?
   Svar:______________________________
f. Hvaða dýr fundust Karli og Katrínu skemmtilegust?
   Svar:______________________________

22. Amma mín fór í langt frí til Flórida í fyrravetur. Hún var þar í fimm mánuði. Þegar hún kom til baka kom hún með tennur úr hákarli handa mér en bróður mínum gaf hún bol og systir mín fékk skeljar. Það var svo sannarlega gaman að fá hana aftur heim.

a. Hvert fór amma?
   Svar:________________________________
b. Á hvaða tíma árs fór hún til Flórida?
   Svar:________________________________
c. Hvað var hún lengi í Flórida?
   Svar:________________________________
d. Hvað gaf hún mér þegar hún kom til baka?
   Svar:________________________________
e. Hvað gaf hún bróður mínum?
   Svar:________________________________
f. Hvað gaf hún systur minni?
   Svar:________________________________
g. Hvers vegna heldur þú að amma hafi farið til Flórida?
   Svar:________________________________